



PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Björg Erlingsdóttir

Efni fjórða pistils:

- Opnun Vaðlaheiðarganga
- Gámasvæði og græna trektin

Áramót

Áramótin voru með hefðbundnum hætti hér á Svalbarðseyri, Björgunarsveitin Týr stóð fyrir myndarlegri brennu við vitann og flugeldasýningu sem heimamenn sóttu vel.

Ég vil nota tækifærið og senda ykkur kveðjur um farsæld á nýju ári og þakka fyrir samstarfið á síðasta ári.

Nú þegar nýtt ár hefur gengið í garð er ástæða til að minna á að laugardaginn 12. janúar verður formleg vígsla Vaðlaheiðarganga og nánar er fjallað um vígsluna síðar í þessum pistil.

Einnig er ástæða til að minna okkur á að tína upp spítur og pappa eftir gamlárskvöld og skila í rétta gáma á Gámasvæðinu, um leið og ég vil minna á góða umgengni um Gámasvæðið okkar.

Formleg opnun Vaðlaheiðarganga

Laugardaginn 12. janúar opna Vaðlaheiðargöng formlega og verður boðið til fjölbreyttrar dagskrár í göngunum og mun Svalbarðsstrandarhreppur taka þátt í hátíðarhöldunum, bæði með viðburðum í göngunum og þá verður hátíðarkaffi haldið í Valsárskóla eftir að formlegri vígslu lýkur. Rétt er að taka fram að Vaðlaheiðargöng greiða fyrir kaffiveitingar og eru það kvenfélög Svalbarðsstrandar og Þingeyjunga sem sjá um kaffiveitingar.

Dagskrá verður auglýst nánar á heimasíðu sveitarfélagsins en er í grófum dráttum eftirfarandi:

09:30-12:30 Reiðhjóla- og hlaupamót í Vaðlaheiðargöngum

13:30-15:00 Almenn opnun “opið hús í Vaðlaheiðargöngum”, tónlistaratriði, kynning á Vaðlaheiðargöngum og framkvæmdinni, kynning á vatnssöfnun og hægt að smakka vatnið auk fleiri viðburða. Boðið er uppá strætóferðir innan ganga.

15:30-16:00 Vígsla og klippt á borða. Formleg opnun Vaðlaheiðarganga fer fram í vegskála Fnjóskadalsmegin. Opnað verður fyrir almenna umferð klukkan 18:00

16:00-18:30 Veisla eftir opnun í Valsárskóla

Kaffisamsætið hefst formlega klukkan 16:00 en Valsárskóli verður opin frá klukkan 15:00 og heitt á könnunni og boðið uppá veitingar.





PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Björg Erlingsdóttir

Efni fjórða pistils:

- Opnun Vaðlaheiðarganga
- Gámasvæði og græna trektin

Viðbúið er að fjöldi gesta leggi leið sína í Valsárskóla og viljum við biðja íbúa um að leggja bílum sínum heima og koma gangandi til veislunnar. Hér fylgir mynd af þeim svæðum sem gestir geta lagt bílum sínum á, fjöldi hópferðabifreiða flytja fólk milli Akureyrar og Vaðlaheiðarganga/ Valsárskóla og boðið er uppá ferðir frá eyrinni og að Valsárskóla fyrir þá sem þurfa.



Gert er ráð fyrir að aldraðir og fatlaðir geti lagt bílum sínum við Valsárskóla, einnig verða bílastæði við Svalbarðskirkju, kirkjugarð/ Svalbarð, bílum verður lagt meðfram Svalbarðseyrarvegi, við Gámasvæði og Kjarnafæði. Íbúar eru beðnir um að liðka fyrir, færa kerrur og vagna sem standa á bílastæðum t.d. í Laugartúni og hjálpast að við að gera aðgengi gesta sem best. Eins og áður sagði má búast við fjölda gesta frá klukkan 15:00 í Valsárskóla og gert er ráð fyrir að mikið verði um að vera. Með þolinmæði og jákvæðni að vopni gerum við þetta vel og sameinumst um að gera daginn góðan og erum viðbúin því að gestir séu í vandræðum með að finna bílum sínum stæði, gestafjöldi verði mikill og börn og fullorðnir á gangi.

Gámasvæði og græna trektin

Á skrifstofu Ráðhúss er hægt að nálgast grænu trektina og íbúar Svalbarsstrandarhrepps eru hvattir til þess að nálgast hana og safna saman steikingarolíu. Olíunni er safnað fyrir lífdísselframleiðslu Orkeyjar sem býr til úr henni lífdísel sem nýtist í samgöngur eða hún fer til jarðgerðar hjá Moltu.

Umgengni um Gámasvæðið hefur að mestu verið til fyrirmyndar en því miður koma upp undantekningar sem spillir fyrir þeirri vinnu sem unnin er við flokkun og frágang úrgangs á Gámasvæðinu.



PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

Efni fjórða pistils:

- Opnun Vaðlaheiðarganga
- Gámasvæði og græna trektin

Hér fylgja nokkrar myndir sem teknar voru milli jóla og nýárs og minna okkur á að við þurfum að skilja vel við úrgang sem við skiljum eftir í gámunum og setja í rétta gáma.

Hér hefur öllu verið blandað saman í járnagáminn, pappa, skrifborði úr timbri, rúmi og dýnum. Rétt er að benda notandum á að Gámasvæðið er vaktað með myndavélum og umgengni eins og þessi hefur í för með sér aukinn kostnað fyrir sveitarfélagið.

